

# FUNDARGERÐ

**249. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra haldinn miðvikudaginn 10. júní 2026, kl. 13:00 í gegnum Teams**

## Mætt

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson  
Anna Karen Úlfarsdóttir  
Stefán Haukur Grímsson

Starfsmenn:

Leifur Þorkelsson  
Pórey Agnarsdóttir  
Radek B. Dudziak  
Jóhannes Haukur Hauksson

## Dagskrá

1. Fundargerð síðustu funda
2. Auto ehf. Setbergi á Svalbarðsströnd
3. Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni á lóð
4. Skútaberg á Moldhaugnahálsi
5. Aðalbraut 24a á Raufarhöfn – umgengni um lóð
6. Aðalbraut 60 á Raufarhöfn – umgengni um lóð
7. Ásgata 23 á Raufarhöfn – umgengni um lóð
8. Ársreikningur HNE 2025
9. Staðfesting og birting samstarfssamnings HNE
10. Umsagnir
11. Útgefin starfsleyfi
12. Staðfestar skráningar
13. Önnur mál

### 1. Fundargerð síðustu funda

Farið var yfir fundargerðir 247. fundar sem fram fór þann 15. apríl sl. og fundargerð 248. fundar sem fram fór þann 3. júní sl. Á 247. fundi var sem fyrr rætt um umgengni á athafnasvæði Auto ehf. á Svalbarðsströnd og samþykkt var að verða við ósk fyrirtækisins um samtal og samstarf við gerð aðgerðaráætlunar um tiltekt á lóðinni í samræmi við kröfur HNE. Á 248. fundi staðfesti nefndin formlega útgáfu starfsleyfis fyrir heitloftspurrkun Samherja á Laugum í framhaldi af úrskurði frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Á báðum fundunum var rætt um boðaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum.

## **2. Auto ehf. Setbergi á Svalbarðsströnd**

Fulltrúar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra (HNE) áttu fund á vettvangi með stjórnarformanni Auto ehf. þann 8. maí sl. Á fundinum kynnti hann áform fyrirtækisins um úrbætur á svæðinu, sem miða að því að fjarlægja lausamuni sem eru sýnilegir frá þjóðvegi og tryggja að spilliefni verði komið í viðeigandi förgun eigi síðar en 15. júní nk.

***Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að framangreind áform fyrirtækisins um tiltekt á svæðinu gangi eftir innan tilgreinds frests og felur starfsmönnum að fylgjast með framvindu málsins. Nefndin áréttar jafnframt að dagsektir verða áfram lagðar á þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar og þær staðfestar af hálfu HNE.***

## **3. Hamragerði 15 á Akureyri, umgengni á lóð**

Eignin fór á nauðungaruppboð í september sl. vegna ógreiddra dagsekta. Að uppboðinu loknu voru dagsektir að fjárhæð 2.100.000 kr. greiddar, auk innheimtukostnaðar. Jafnframt var ráðist í tiltekt á lóðinni í samræmi við kröfur Heilbrigðisnefndar.

Á 244. fundi Heilbrigðisnefndar, þann 26. nóvember sl., samþykkti nefndin að hætta álagningu dagsekta þar sem úrbætur höfðu verið gerðar.

Á undanförunum vikum hafa borist kvartanir vegna umgengni á lóðinni og við vettvangsskoðun þann 3. júní sl. var staðfest að ástand á lóðinni hefur að verulegu leyti færst til fyrra horfs.

***Heilbrigðisnefnd gerir þá kröfu að tiltekt á lóðinni hefjist tafarlaust og að henni verði lokið eigi síðar en 1. júlí nk.***

***Nefndin áréttar að þrátt fyrir að álagningu dagsekta hafi verið hætt hefur ekki verið tekin ákvörðun um niðurfellingu óinnheimtra dagsekta, sbr. 3. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998. Innheimta þeirra heldur því áfram. Verði ekki brugðist við innan tilgreinds frests áskilur nefndin sér rétt til að grípa til frekari þvingunarúrræða á grundvelli sömu laga.***

#### 4. Skútaberg á Moldhaugnahálsi

Framkvæmdum við varanlegt geymslusvæði á Moldhaugnahálsi er enn ekki lokið og hafa því engir hlutir verið fluttir inn á svæðið. Við vettvangsskoðun þann 8. júní sl. var staðfest að framkvæmdir eru hafnar að nýju, en töf varð á jarðvinnu um tíma vegna frosts í jörðu.

***Heilbrigðisnefnd lýsir áhyggjum af þeim töfum sem orðið hafa á nauðsynlegum úrbótum á svæðinu og bendir á að á fundi með fulltrúum fyrirtækisins í nóvember 2025 voru kynnt áform um að taka hluta geymslusvæðisins í notkun í janúar sl.***

***Jafnframt minnir nefndin á að fyrirtækinu hefur þegar verið veitt áminning vegna umgengni á svæðinu.***

***Nefndin ítrekar að frekari tafir á tiltekt á svæðinu eru óásættanlegar og samþykkir að veita fyrirtækinu lokafrest til 1. ágúst nk. til að koma gámum, vinnubúðaeiningum og öðrum lausamunum fyrir á geymslusvæðinu.***

***Verði ekki brugðist við innan tilgreinds frests mun nefndin grípa til frekari þvingunarúrræða á grundvelli XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram nauðsynlegar úrbætur.***

#### 5. Aðalbraut 24a á Raufarhöfn – umgengni um lóð

Borist hafa kvartanir vegna umgengni á lóðinni við Aðalbraut 24a á Raufarhöfn. Vettvangsskoðun staðfesti að umgengni á lóðinni er ábótavant og hefur lóðarhafi ekki orðið við tilmælum um úrbætur.

***Heilbrigðisnefnd gerir þá kröfu að hafist verði handa við tiltekt á lóðinni án frekari tafa. Fyrir 10. júlí nk. skal öllum úrgangi á lóðinni hafa verið fargað á lögmætan og viðeigandi hátt. Þeim hlutum sem fyrirhugað er að geyma á lóðinni skal komið fyrir á snyrtilegan hátt og innan lóðarmarka. Verði ekki orðið við framangreindum kröfum áskilur heilbrigðisnefnd sér rétt til að beita þvingunarúrræðum í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.***

#### 6. Aðalbraut 60 á Raufarhöfn – umgengni um lóð

Borist hafa kvartanir vegna umgengni á lóðinni við íbúðarhúsið að Aðalbraut 60 á Raufarhöfn. Vettvangsskoðun staðfesti að umgengni á lóðinni er ábótavant og hefur lóðarhafi ekki orðið við tilmælum um úrbætur.

**Heilbrigðisnefnd gerir þá kröfu að hafist verði handa við tiltekt á lóðinni án frekari tafa. Fyrir 10. júlí nk. skal öllum úrgangi á lóðinni hafa verið fargað á lögmætan og viðeigandi hátt. Þeim hlutum sem fyrirhugað er að geyma á lóðinni skal komið fyrir á snyrtilegan hátt og innan lóðarmarka. Verði ekki orðið við framangreindum kröfum áskilur heilbrigðisnefnd sér rétt til að beita þvingunarúrræðum í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.**

## **7. Ásgata 23 á Raufarhöfn – umgengni um lóð**

Borist hafa kvartanir vegna umgengni á lóðinni við íbúðarhúsið að Ásgötu 23 á Raufarhöfn. Vettvangsskoðun staðfesti að umgengni á lóðinni er ábótavant og hefur lóðarhafi ekki orðið við tilmælum um úrbætur.

**Heilbrigðisnefnd gerir þá kröfu að hafist verði handa við tiltekt á lóðinni án frekari tafa. Fyrir 10. júlí nk. skal öllum úrgangi á lóðinni hafa verið fargað á lögmætan og viðeigandi hátt. Þeim hlutum sem fyrirhugað er að geyma á lóðinni skal komið fyrir á snyrtilegan hátt og innan lóðarmarka. Verði ekki orðið við framangreindum kröfum áskilur heilbrigðisnefnd sér rétt til að beita þvingunarúrræðum í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.**

## **8. Ársreikningur HNE 2025**

Ársreikningur HNE vegna ársins 2025 var lagður fram

**Eftir umræðu um ársreikninginn var hann samþykktur og verður undirritaður með rafrænum hætti.**

## **9. Staðfesting og birting samstarfssamnings HNE**

Í kjölfar úrskurðar Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. UUA-2602020 samþykkir Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra fyrirliggjandi samstarfssamning um skipan nefndarinnar og rekstur eftirlitsins.

Jafnframt er samþykkt að samningurinn verði sendur til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, til að tryggja lagagildi hans.

## 10. Umsagnir

1. Umsögn um tillögu að aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps
2. Umsögn um tillögu að aðalskipulagi Hörgársveitar
3. Umsögn um tillögu að aðalskipulagi Grýtubakkahrepps
4. Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytinga á deiliskipulagi fyrir Hinriksmýri á Árskógssandi
5. Umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir flugskýli á Melgerðismelum í Eyjafjarðarsveit
6. Umsögn um kynningu matsáætlunar vegna fiskeldis á landi við Hauganes
7. Umsögn um vinnslutillögu deiliskipulag fyrir íbúðarsvæði við Syðri-Varðgjá í Eyjafjarðarsveit
8. Umsögn um skipulagslýsingu ferðaþjónustusvæðis á Skógarsandi í Fnjóskadal
9. Umsögn um vinnslutillögu vegna breytingar á deiliskipulagi Lónsvegar 1 og 3 í Hörgársveit

## 11. Útgefin starfsleyfi

1. MF ehf. kt. 650422-0900 – Espilundi 20, 600 Akureyri – matsöluvagn
2. Bohemian Hotels ehf. kt. 630224-0710 – Hafnarstræti 80, 600 Akureyri - hótél með veitingasölu
3. WokNoodles Akureyri ehf. kt. 471125-0670 – Glerártorg (Iðunn mathöll), 600 Akureyri – veitingastaður
4. Rýja ehf. kt. 640426-1440 – Lautavegi 8, 650 Laugar - matsöluvagn við Dettifoss
5. S.Blöndal ehf kt. 450526-0530 - Bjarkarstígur 5, 600 Akureyri - matsöluvagn
6. Fógeti ehf. kt. 640323-0940 – Krossdalur 2, 671 Kópasker – sala á gistingu án veitingasölu
7. Hulda Sigurðardóttir kt. 280671-4799 – stekkjarflatar, 605 Akureyri – vatnsveita vegna mjólkurframleiðslu
8. Langanesbyggð kt. 420369-1749 - athafnasvæði við Háls, 680 Þórshöfn – Endurnýting úrgangs til landfyllingar
9. Sumarbúðirnar Ástjörn kt. 580269-0609 –Ástjörn, 671 Kópasker – sumarbúðir fyrir börn og unglina - **samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
10. Ó. Johnson & Kaaber - ÍSAM ehf. kt. 611200-2770– Tryggvabraut 16, 600 Akureyri – heildverslun með matvæli
11. Svartar bækur ehf. kt. 670519-0740- Laxdalshús, Hafnarstræti 11, 600 Akureyri – kaffihús
12. Heilbrigðisstofnun Norðurlands kt. 551014-0290 - Kjarni 650, Laugar – læknastofa
13. Dondi ehf. kt. 621117-1650- Héðinsbraut 4, 640 Húsavík - bjórframleiðsla, gestastofa og smásala á bjór - **samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
14. Hafla Iceland ehf. kt. 571121-1070 – Héðinsbraut, 640 Húsavík – matsöluvagn
15. Öskjureitur ehf. kt. 510226-1430 – Garðarsbraut 18a, 640 Húsavík – bakarí - **samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
16. Kostur ehf. kt. 530526-3130 – Þverá, Laxárdal, 641 Húsavík – sala á gistingu án veitingasölu - **samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt**
17. Chikin AEY ehf. kt. 600526-0810 – Glerártorg (Iðunn mathöll), 600 Akureyri – veitingastaður

**Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með þeim fyrirvörum sem tilteknir eru.**

## 12. Staðfestar skráningar

Staðfestar hafa verið skráningar fyrir eftirtalda atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022:

1. Norðurþing kt. 640169-5599 – við enda Suðurgarðs, 640 Húsavík – flugeldasýning 25. júlí 2026
2. Heiðdís Björk Gunnarsdóttir kt. 250674-3929 - Borgarhlíð 2h, 603 Akureyri – dýrasnyrtistofa
3. Ungmennafélagið Smárinn. kt. 541080-0239- malarkrúsir norðan við Þelamerkurskóla, 604 Akureyri – brenna 20.júní 2026
4. Ingvi Rúnar Guðmundsson kt. 100357-2839 – Árhvammur, 604 Akureyri – niðurrif mannvirkja

## 13. Önnur mál

- Rætt um slæma umgengni við Skúta á Akureyri. Starfsmönnum falið að fylgjast með stöðu mála og grípa til aðgerða eftir þörfum.
- Næsti fundur er áætlaður 26. ágúst

Fundi slitið kl. 13:40

# Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar  
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd  
Stefán Haukur Grímsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd  
Anna Karen Úlfarsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE  
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi  
Þórey Agnarsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi  
Jóhannes Haukur Hauksson

Heilbrigðisfulltrúi  
Radosław Bolesław Dudziak